

# Hvernig sækir ég um samþættingu?

Bæði börn og foreldrar geta óskað eftir samþættingu. Hægt er að sækja um samþættingu frá 0-18 ára aldri, í ung- og smábarna eftirliti, leik- eða grunnskóla barns eða hafa samband við Fjölskyldusvið Suðurnesjabæjar.

Nánari upplýsingar og öll eyðublöð eru á heimasíðu Suðurnesjabæjar [www.sudurnesjabaer.is](http://www.sudurnesjabaer.is)



## Hafðu samband

Sara Dögg Eiríksdóttir verkefnastjóri  
sara@sudurnesjabaer.is  
s:425-3000



Fjölskyldusvið Suðurnesjabæjar  
Vörðunni, Miðnestorgi 3  
245 Suðurnesjabæ

## Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna

Fjölskyldusvið  
Suðurnesjabæjar

## Farsæld barna



### Ný löggjöf

Ný lög voru samþykkt á Alþingi Íslendinga 1. janúar 2022, lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. **Megin markmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.**



### Hvað er samþætting?

Skipulögð og samfelld þjónusta sem hefur það að markmiði að stuðla að farsæld barns og er veitt af þeim þjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barnsins hverju sinni.

## Snemmtækur stuðningur

Felur í sér að börn fái aðstoð og hjálp sem fyrst á lífsleiðinni og að liðsinni sé veitt áður en vandinn ágerist með skaðlegum og óafturkræfum afleiðingum. Að stofnanir samfélagsins sem koma að málefnum barna leggi sig fram við að brjóta niður múra á milli málaflokka, stjórnsýslustiga og stofnana og tryggja þverfaglega nálgun og samstarf allra sem bera ábyrgð gagnvart börnum.

- **Lögin ná til allrar þjónustu sem veitt er innan skólakerfis, heilbrigðiskerfis og félagsþjónustu auk lögreglu.**

## Stigskipting þjónustu

### Fyrsta stig:

Er grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum. Einstaklingsbundin og snemmtækur stuðningur með það að markmiði að styðja við farsæld barns. Barn fær tengilið. Tengiliður veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu, aðstoðar við að tryggja aðgang að mati á þörfum og skipuleggur og fylgir eftir samþættingu.

### Annað stig:

Er einstaklingsbundin og markvissari stuðningur með það að markmiði að tryggja farsæld barns. Barn er með tengilið og málstjóra. Málstjóri veitir ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu, aðstoðar við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum, ber ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og leiðir saman stuðningsteymi.

### Priðja stig:

Er einstaklingsbundin og sérhæfðari stuðningur með það að markmiði að tryggja að farsæld barns verði ekki hætta búin. Meðferð og barnaverndarvinnsla. Málstjóri heldur utan um þjónustu.



Nánari upplýsingar á:

[www.sudurnesjabaer.is](http://www.sudurnesjabaer.is)

